

Ritun/miðlun 1. þrep

Færniþættir	Áherslur í kennslu
Notkun texta	Notkun texta
Skilur að ritun felur í sér merkingu. Skilur að ritmál og teikning er ekki það sama. Veit að ritun felur í sér merkingu en les eigin ritun á mismunandi hátt.	Hvetja börn til að tjá sig í gegnum teikningar og listsköpun. Sýna tengingu milli ritmáls og talmáls. Það sem er sagt má skrifa niður.
Skilningur á samhengi	Skilningur á samhengi
Gerir grein fyrir tilgangi ritunar, t.d. <i>Þetta er kort til þabba.</i>	Ræða um að ritun hefur ákveðinn tilgang og geymir upplýsingar. Hvetja börn til að tjá sig um eigin verk.
Skilningur á uppbyggingu	Skilningur á uppbyggingu
Sýnir skilning á ritátt, skrifar frá vinstri til hægri.	Byggja upp sjónrænt minni á algeng orð, s.s. eigið nafn.
Notar tákn eða líkir eftir stöfum við ritun.	Aðferðir
Skrifar nafnið sitt eða hluta þess.	Sýna hvernig myndir, tákn og orð fela í sér merkingu. Sýna hvernig má finna ákveðnar upplýsingar í texta.
Aðferðir	Ræða um og sýna ferli og afrakstur ritunar.
Persónuleg reynsla er helsti hvati til ritunar. Tjáir sig með myndum og táknum (þykjustuskrift).	
Getur með aðstoð nýtt tölvuforrit/smáforrit til að tjá upplifun sín og hugmyndir, t.d. book creator og Puppet pals	
Getur sagt frá eigin verki, s.s. mynd sem það hefur teiknað.	

Ritun/miðlun 2. þrep

Færniþættir	Áherslur í kennslu
Skrift og réttritun	Skrift og réttritun
Pekkir útlit og hljóð stafa og nýtir sér það í eigin ritun. Byggir stafsetningu á hljóðgreiningu, sleppir oft sérhljóðum en notar sterkustu hljóðin í orðinu í ritun sinni. Getur nýtt sér lyklaborð við ritun.	Byggja upp sjónrænt minni á algeng orð og orð í nánasta umhverfi. Kenna börnum að hljóða sig í gegnum orð við ritun. Gefa börnum tækifæri til að æfa finnhreyfingar og skrift. Textagerð Vera fyrirmynd í textagerð, s.s. með því að vera með sýnikennslu um gerð ólíkra texta. Ræða um að ritun hefur ákveðinn tilgang og er ætluð ákveðnum lesendum. Gefa börnum tækifæri til að skapa fjölbreytta texta sem hafa tilgang og lesendur. Draga athygli barna að ákvörðunum sem höfundar taka við gerð texta. Vekja athygli barna á því hvernig upplýsingar um fólk og hugmyndir eru settar fram í textum. Veita börnum tækifæri til að nota ný orð og efla orðaforða sinn.
Textagerð	Textagerð
Notar myndir, tákn og stafi til að koma skilaboðum til annarra. Byr til margs konar texta, s.s. lista, kort, skilaboð, sögur og ljóð. Skrifar stuttan texta með einfaldri setningagerð, s.s. <i>Ég sé... Þetta er...</i> Útskýrir tilgang með ritun, t.d. <i>til að muna, til að senda kveðju.</i> Greinir frá markmiðum og viðtakanda, t.d. <i>Ég ætla að skrifa ömmu bréf til að segja...</i>	
Aðferðir	Aðferðir
Teikningar eru mikilvægur hluti ritunar barnsins. Semur einfaldan texta með teikningum eða ritmáli og getur lesið hann upp fyrir aðra. Getur gert einfalt hugtakakort með teikningum eða ritmáli um þekkt efni. Tengir stafi saman í orð og raðar orðum í setningar og málsgreinar. Getur nýtt tölvuforrit/smáforrit til að tjá upplifun sína og hugmyndir.	

Ritun/miðlun 3. þrep

Færniþættir	Áherslur í kennslu
Skrift og réttritun	Skrift og réttritun
Skrifar alla stafi læsilega. Byggir stafsetningu á hljóðgreiningu og sjónrænum orðaforða. Nýtir sér einfaldar stafsetningarreglur, s.s. reglur um stóran og litinn staf. Byrjar að nota greinarmerki í ritun sinni, s.s. punkt í lok málsgreina. Nýtir sér einfalda ritvinnslu í tölvu. Textagerð Skrifar stutta einfalda texta og nýtir gjarnan myndir sem stuðning við ritunina. Getur útskýrt frásagnarstil í eigin ritun. Skrifar ólíka texta með skýrum tilgangi og með ákveðinn lesendahóp í huga. Semur sögu með skýrum söguþræði. Nýtir sér markvisst í eigin ritun orð úr ýmsum áttum, s.s. úr námsefni, bókmenntum, ýmsum miðlum og talmáli.	Halda áfram að efla hljóðgreiningu og byggja upp sjónrænt minni á algeng orð. Skoda texta og ræða um notkun greinarmerkja, s.s. um punkt í lok málsgreinar, spurningarmerki og upphrópunarmerki. Leiðbeina nemendum um skrift og gefa þeim tækifæri til að þjálfa rithönd sína. Leiðbeina nemendum um notkun ritvinnsluforrita, s.s. hvernig texti er sleginn inn og vistaður og hvernig velja má leturstærð og gerð. Textagerð Kenna nemendum um ólíkar textategundir, s.s. frásagnir, ljóð og upplýsingatexta. Skapa nemendum tækifæri til að skrifa fjölbreytta texta í ákveðnum tilgangi og fyrir tiltekna lesendahópa. Sjá nemendum fyrir ríkulegum tækifærum til að kynnst nýjum orðum og nýta þau í ritun sinni. Hvetja nemendur til að skrifa og teikna frá eigin brjósti. Vekja athygli nemenda á því hvernig setja má upplýsingar um fólk og hugmyndir fram á fjölbreyttan hátt í textum. Sýna hvernig hægt er að skipuleggja og raða upplýsingum við textagerð.
Textagerð	Textagerð
Ræðir við aðra eða notar teikningar til að undirbúa og skipuleggja ritun sína. Sækir upplýsingar á mismunandi miðlum, sjálfur eða með aðstoð, og nýtir/tulkar í eigin texta. Byrjar að endurlesa og lagfæra eigin texta, s.s. skipta út orðum og bæta inn greinarmerkjum. Nýtir tölvuforrit/smáforrit með fjölbreyttum hætti til að tjá upplifun sína og hugmyndir. Getur lesið eigin texta fyrir áheyrendur.	
Aðferðir	Aðferðir
Ræðir við aðra eða notar teikningar til að undirbúa og skipuleggja ritun sína. Sækir upplýsingar á mismunandi miðlum, sjálfur eða með aðstoð, og nýtir/tulkar í eigin texta. Byrjar að endurlesa og lagfæra eigin texta, s.s. skipta út orðum og bæta inn greinarmerkjum. Nýtir tölvuforrit/smáforrit með fjölbreyttum hætti til að tjá upplifun sína og hugmyndir. Getur lesið eigin texta fyrir áheyrendur.	
Aðferðir	Aðferðir
Æfa einfaldar leiðir við að undirbúa og skipuleggja ritun, s.s. ræða saman og teikna, búa til hugtakakort og nýta einfalda ritunnarramma. Sýna og æfa einfaldar leiðir til að fara yfir og gera texta betri, s.s. bæta við orðum eða greinarmerkjum. Halda áfram að sýna ólíka möguleika á hvernig setja má ritun fram miðað við efni og lesendur. Sýna hvernig má finna, skrá og raða upplýsingum úr texta, s.s. nota kort og gróf eða raða í stafrófsröð. Veita nemendum tækifæri til að nýta tölvuforrit/smáforrit við ritun/miðlun. Ræða við nemendur um ritun þeirra og gefa leiðbeinandi endurgjöf.	




Ritun/miðlun 4. þrep

Færniþættir	Áherslur í kennslu
Skrift og réttritun	Skrift og réttritun
Skrifar læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd. Byggir stafsetningu á hljóðgreiningu og sjónrænum orðaforða, stafsetur rétt aukinn fjölda óhljóðréttara orða og orða með tvöföldum samhljóða. Hefur tileinkað sér algengustu stafsetningarreglur. Notar rétta greinarmerkjasetningu í einföldum málsgreinum, s.s. punkt í lok málsgreina, spurningarmerki og upphrópunarmerki. Nýtir sér ritvinnslu í tölvu. Textagerð Velur í eigin ritun hugmyndir sem henta tilgangi og lesendum. Skrifar ýmsar textategundir, s.s. sögur, fræðitexta, skýrslur, ljóð, fréttir, fyriræli og lýsingar. Getur gert útdrátt úr stuttum texta svo aðalatriði komi fram. Ræðir ýmsa möguleika á framsetningu efnis, s.s. hvernig persónur eru kynntar í frásögn, eða efnisatriði sett fram í upplýsingatexta. Notar fjölbreyttan orðaforða til að auka áhuga lesenda. Greinir frá hugmyndum og efni í röklegri röð, notar ýmsar tengingar milli setninga og vísar skýrt til persóna og atburða. Getur byggt upp texta með upphafi, miðju og endi. Aðferðir Ræðir og skipuleggur hugmyndir áður en ritun hefst, s.s. með því að teikna, skrifa, nota hugarflug, hugtakakort, samræður og ritunnarramma.	Halda áfram að byggja upp sjónrænt minni á algeng orð og ritun óhljóðréttara orða. Efla skilning á helstu reglum um réttritun með því að skoða og greina orð í tengslum við ritun nemenda. Skoda texta og ræða um notkun greinarmerkja, s.s. kommur, gæsalappir og tvipunktur. Leiðbeina nemendum um skrift og gefa þeim tækifæri til að þjálfa og þróa rithönd sína. Leiðbeina nemendum um notkun ritvinnsluforrita, s.s. hvernig setja má myndir og texta skipulega upp. Textagerð Skapa nemendum tækifæri til að skrifa fjölbreytta texta í ákveðnum tilgangi og fyrir tiltekna lesendahóp. Hvetja nemendur til að skrifa frá eigin brjósti, efla eigin rödd og móta persónulegan stíl. Sýna nemendum hvernig hægt er að nota ritun til að tjá sig um og hafa áhrif á mál sem skipta þá máli. Kenna nemendum að finna aðalatriði í texta og nýta ritun til að draga þau saman í glósum eða útdráttum. Ræða ákvarðanir höfunda við gerð texta og hvetja nemendur til að velja í hvern hátt þeir setja fram upplýsingar um fólk og hugmyndir í textum. Sjá nemendum fyrir ríkulegum tækifærum til að kynnst nýjum orðum og nýta þau í ritun sinni. Efla næmi fyrir merkingu orða og orðhluta, s.s. forskeyti og viðskeyti. Efla skilning nemenda á uppbyggingu ólíkra texta, s.s. tilgangi, byggingu og skipulagi. Vinna með byggingu texta, s.s. með því að gefa dæmi um hvernig raða má málsgreinum saman í texta eftir innihaldi eða upplýsingum. Aðferðir Halda áfram að vinna með leiðir við að undirbúa ritun, s.s. að víða að sér efni og meta mikilvægi upplýsinga. Hvetja nemendur til að nýta sér fjölbreyttar leiðir við að skipuleggja ritunnarferlið, s.s. hugarflug, hugtakakort og ýmsa ritunnarramma. Kenna nemendum að finna, skrá og flokka upplýsingar úr texta. Halda áfram að sýna ólíka möguleika á hvernig setja má texta fram miðað við markmið og lesendahóp. Veita nemendum tækifæri til að nýta tölvuforrit/smáforrit við ritun/miðlun. Ræða við nemendur um ritun þeirra, hjálpa þeim að igruna ferli og afrakstur ritunar og gefa leiðbeinandi endurgjöf.
Textagerð	Textagerð
Velur í eigin ritun hugmyndir sem henta tilgangi og lesendum. Skrifar ýmsar textategundir, s.s. sögur, fræðitexta, skýrslur, ljóð, fréttir, fyriræli og lýsingar. Getur gert útdrátt úr stuttum texta svo aðalatriði komi fram. Ræðir ýmsa möguleika á framsetningu efnis, s.s. hvernig persónur eru kynntar í frásögn, eða efnisatriði sett fram í upplýsingatexta. Notar fjölbreyttan orðaforða til að auka áhuga lesenda. Greinir frá hugmyndum og efni í röklegri röð, notar ýmsar tengingar milli setninga og vísar skýrt til persóna og atburða. Getur byggt upp texta með upphafi, miðju og endi. Aðferðir Ræðir og skipuleggur hugmyndir áður en ritun hefst, s.s. með því að teikna, skrifa, nota hugarflug, hugtakakort, samræður og ritunnarramma.	



Ritun/miðlun 5. þrep

Færniþættir	Áherslur í kennslu
Skrift og réttritun	Skrift og réttritun
Hefur tileinkað sér persónulega rithönd. Pekkir og nýtir sér helstu stafsetningarreglur. Hefur tileinkað sér og fylgir helstu reglum um greinarmerkjasetningu. Nýtir sér ritvinnsluforrit af öryggi. Textagerð Hefur vald á ritun fjölbreyttra textategunda. Setur hugmyndir og upplýsingar skýrt og skilmerkilega fram í texta. Notar fjölbreyttan orðaforða sem hæfir markmiðum og lesendum hverju sinni. Er meðvitaður um uppbyggingu texta. Skiptir texta í inngang, meginmál og lokaorð þegar við á. Tjáir rök fyrir hugmyndum sínum og skoðunum. Gerir sér grein fyrir muninum á formlegu mál-sniði og óformlegu málsniði. Byggir efnisgreinar upp samkvæmt hefð, s.s. byrjar efnisgrein á inngangssetningu og fylgir henni eftir með frekari upplýsingum. Aðferðir Ræðir og skipuleggur hugmyndir áður en ritun hefst, s.s. með því að búa sér til efnisgrind. Skipuleggur ritun á margvíslegan hátt, notar t.d. hugtakakort og ritunnarramma. Viðar að sér upplýsingum úr ýmsum áttum og nýtir í eigin texta. Nýtir þekkingu sína á uppbyggingu mismunandi textategunda og velur birtingarform sem kemur til móts við sett markmið og þarfir lesenda. Getur gagnrýnt og lagfært eigin texta með hliðsjón af matskvarða. Nýtir sér með aðstoð hjálpargögn eins og orðabækur, uppflettirit og leiðréttingarforrit. Getur vísað til heimilda og sett í heimildaskrá í sinni einföldustu mynd.	Halda áfram að byggja upp sjónrænt minni á algeng orð og ritun óhljóðréttara orða. Efla meðvitund nemenda um stafsetningu með því að skoða og greina orð í tengslum við ritun nemenda og kenna helstu stafsetningarreglur. Halda áfram að vinna með greinarmerki. Veita nemendum tækifæri til að þróa rithönd sína og auka öryggi í innslætti á lyklaborð. Leiðbeina nemendum um notkun ritvinnsluforrita, s.s. hvernig setja má texta snyrtilega upp, nota fyrirsagnir og mismunandi leturstærð eða gerð til að draga fram ákveðin atriði í textanum. Textagerð Skapa nemendum tækifæri til að skrifa fjölbreytta texta í ákveðnum tilgangi og fyrir tiltekna lesendur. Hvetja nemendur til að skrifa frá eigin brjósti, efla eigin rödd og móta persónulegan stíl. Hvetja nemendur til að útskýra ákvarðanir sínar um framsetningu texta, s.s. hvað varðar orðanotkun og hvaða upplýsingar og hugmyndir eru hafðar með eða sleppt. Veita nemendum tækifæri til að nota ritun til að tjá sig um og færa rök fyrir eigin skoðunum á málum sem þeim þykja mikilvæg. Sjá nemendum fyrir ríkulegum tækifærum til að kynnst nýjum orðum og nýta þau í ritun sinni. Sýna hvernig uppbygging málsgreina hefur áhrif á röklegt samhengi og skýrleika í texta, s.s. með því að brjóta upp of langar málsgreinar og nota viðeigandi tengingar. Leiðbeina um uppsetningu og skipulag ólíkra textategunda, s.s. hvað varðar málnotkun og framsetningu. Aðferðir Halda áfram að kenna nemendum að skipuleggja ritun sem ferli, s.s. að búa sér til efnisgrind og/eða skrá skipulega niður meginhugmynd á blað eða rafrænan hátt. Halda áfram að sýna ólíka möguleika á hvernig setja megi ritun fram miðað við markmið og fyrirhugaða lesendur, s.s. á vef, glærum og veggspjöldum. Kenna nemendum að finna og vinna með upplýsingar í textum, s.s. að nota leitarvélur og meta áreiðanleika heimilda. Kenna nemendum að lesa yfir og lagfæra eigin texta, s.s. með umræðum um innihald, skipulag, stíl og málsnið. Leiðbeina nemendum um notkun hjálpargagna við ritun, s.s. orðabóka, uppflettirita og leiðréttingarforrita. Ræða við nemendur um ritun þeirra, hjálpa þeim að igruna ferli og afrakstur ritunar og gefa leiðbeinandi endurgjöf. Hvetja nemendur til að nýta tölvuforrit/smáforrit við ritun/miðlun. Sýna nemendum hvernig ber að vísa til heimilda.
Textagerð	Textagerð
Hefur tileinkað sér persónulega rithönd. Pekkir og nýtir sér helstu stafsetningarreglur. Hefur tileinkað sér og fylgir helstu reglum um greinarmerkjasetningu. Nýtir sér ritvinnsluforrit af öryggi. Textagerð Hefur vald á ritun fjölbreyttra textategunda. Setur hugmyndir og upplýsingar skýrt og skilmerkilega fram í texta. Notar fjölbreyttan orðaforða sem hæfir markmiðum og lesendum hverju sinni. Er meðvitaður um uppbyggingu texta. Skiptir texta í inngang, meginmál og lokaorð þegar við á. Tjáir rök fyrir hugmyndum sínum og skoðunum. Gerir sér grein fyrir muninum á formlegu mál-sniði og óformlegu málsniði. Byggir efnisgreinar upp samkvæmt hefð, s.s. byrjar efnisgrein á inngangssetningu og fylgir henni eftir með frekari upplýsingum. Aðferðir Ræðir og skipuleggur hugmyndir áður en ritun hefst, s.s. með því að búa sér til efnisgrind. Skipuleggur ritun á margvíslegan hátt, notar t.d. hugtakakort og ritunnarramma. Viðar að sér upplýsingum úr ýmsum áttum og nýtir í eigin texta. Nýtir þekkingu sína á uppbyggingu mismunandi textategunda og velur birtingarform sem kemur til móts við sett markmið og þarfir lesenda. Getur gagnrýnt og lagfært eigin texta með hliðsjón af matskvarða. Nýtir sér með aðstoð hjálpargögn eins og orðabækur, uppflettirit og leiðréttingarforrit. Getur vísað til heimilda og sett í heimildaskrá í sinni einföldustu mynd.	



Ritun/miðlun 6. þrep

Færniþættir	Áherslur í kennslu
Skrift og réttritun	Skrift og réttritun
Hefur gott vald á stafsetningu, nýtir sér stafsetningarreglur og þekkir undantekningar frá þeim. Hefur tileinkað sér og fylgir reglum um greinarmerkjasetningu. Hefur náð góðum tókum á notkun ritvinnsluforrita. Textagerð Hefur gott vald á ritun fjölbreyttra textategunda. Velur á gagnrýnn hátt hvernig hugmyndir og efni er sett fram í texta með tilliti til markmiða og áhrifa á lesendur. Setur texta skipulega fram og í góðu röklegu samhengi. Skilur hlutverk inngangs, meginmáls og lokaorða og nýtir sér þá þekkingu við ritun, s.s. með því að skipta texta upp í kafla og nota millifyrirsagnir. Veltir upp mismunandi sjónarhornum og tjáir rök fyrir hugmyndum sínum og skoðunum. Stýrir orðavali til að ná ákveðnum blæbrigðum og áhrifum í texta. Aðferðir Skipuleggur ritun á skilvirkan og árangursríkan hátt allt frá hugmyndaevinnu til birtingar. Tekur igrunaða ákvörðun um hvernig texti skuli birtur þannig að hann henti lesendum og hafi tilætlun á áhrif. Viðar að sér upplýsingum úr ýmsum áttum, metur þær, greinir og nýtir í eigin texta. Nýtir sér hjálpargögn eins og orðabækur, uppflettirit og leiðréttingarforrit. Getur gagnrýnt og metið eigin texta, t.d. út frá gefnum matskvarða og nýtt sér mat til að bæta textann. Vísar rétt til heimilda og skráir eins og reglur kveða á um.	Veita nemendum tækifæri til að auka öryggi í innslætti á lyklaborð. Kenna nemendum að nýta sér stafsetningarreglur, orðabækur og leiðréttingarforrit. Halda áfram að vinna með greinarmerki. Leiðbeina nemendum um notkun ritvinnsluforrita, s.s. hvernig á að setja texta skipulega upp, nota fyrirsagnir og millifyrirsagnir og búa til efnisfyrirlit og neðanmálsgreinar. Textagerð Kenna nemendum að setja saman fjölbreytta texta í ákveðnum tilgangi og fyrir ólíka lesendahópa. Hvetja nemendur til að skrifa frá eigin brjósti, efla eigin rödd og móta persónulegan stíl. Hvetja nemendur til að skrifa á skapandi hátt og gera tilraunir með form, aðferðir og innihald. Veita nemendum tækifæri til að útskýra val á textategund, efni, upplýsingum og aðferðum sem þeir nota við ritun. Veita nemendum tækifæri til að nota ritun til að tjá sig um og færa rök fyrir eigin skoðunum og hafa þannig áhrif á mál sem þeim þykja mikilvæg. Ræða hvernig þekking, reynsla og skoðanir höfunda koma fram í efni sem þeir miðla. Sjá nemendum fyrir ríkulegum tækifærum til að kynnst nýjum orðum og nýta þau í ritun sinni. Efla næmi fyrir merkingu orða og orðhluta, s.s. uppruna orða og afleiðdum orðum. Leiðbeina um uppsetningu og skipulag ólíkra textategunda, s.s. hvað varðar málnotkun og framsetningu. Kenna nemendum markvisst um uppbyggingu texta, s.s. ræða um efnisstöð, byggingu málsgreina og röklegt samhengi í texta. Aðferðir Halda áfram að kenna nemendum gagnlegar aðferðir við ritunnarferlið, s.s. að skipuleggja, gera uppkast, endurlesa og birta. Halda áfram að sýna ólíka möguleika á hvernig setja má ritun fram miðað við markmið og fyrirhugaða lesendur og nýta til þess mismunandi textategundir og miðla. Kenna nemendum að finna og vinna með upplýsingar í textum, s.s. að nota leitarvélur, meta áreiðanleika heimilda og bera saman upplýsingar úr ólíkum áttum. Leiðbeina nemendum um notkun hjálpargagna við ritun, s.s. orðabóka, uppflettirita og leiðréttingarforrita. Kenna nemendum að nýta á fjölbreyttan hátt tölvuforrit/smáforrit við ritun/miðlun. Ræða við nemendur um ritun þeirra, hjálpa þeim að igruna ferli og afrakstur ritunar og gefa leiðbeinandi endurgjöf. Kenna nemendum að vísa skýrt til heimilda og skrá í heimildaskrá.
Textagerð	Textagerð
Hefur gott vald á stafsetningu, nýtir sér stafsetningarreglur og þekkir undantekningar frá þeim. Hefur tileinkað sér og fylgir reglum um greinarmerkjasetningu. Hefur náð góðum tókum á notkun ritvinnsluforrita. Textagerð Hefur gott vald á ritun fjölbreyttra textategunda. Velur á gagnrýnn hátt hvernig hugmyndir og efni er sett fram í texta með tilliti til markmiða og áhrifa á lesendur. Setur texta skipulega fram og í góðu röklegu samhengi. Skilur hlutverk inngangs, meginmáls og lokaorða og nýtir sér þá þekkingu við ritun, s.s. með því að skipta texta upp í kafla og nota millifyrirsagnir. Veltir upp mismunandi sjónarhornum og tjáir rök fyrir hugmyndum sínum og skoðunum. Stýrir orðavali til að ná ákveðnum blæbrigðum og áhrifum í texta. Aðferðir Skipuleggur ritun á skilvirkan og árangursríkan hátt allt frá hugmyndaevinnu til birtingar. Tekur igrunaða ákvörðun um hvernig texti skuli birtur þannig að hann henti lesendum og hafi tilætlun á áhrif. Viðar að sér upplýsingum úr ýmsum áttum, metur þær, greinir og nýtir í eigin texta. Nýtir sér hjálpargögn eins og orðabækur, uppflettirit og leiðréttingarforrit. Getur gagnrýnt og metið eigin texta, t.d. út frá gefnum matskvarða og nýtt sér mat til að bæta textann. Vísar rétt til heimilda og skráir eins og reglur kveða á um.	

